

# Eimskipafélag Íslands hf.

## Ályktunartillögur fyrir aðalfund 2018

Hluthöfum er bent á að endanlegar tillögur stjórnar verða lagðar fram tveimur vikum fyrir aðalfund. Öll gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.is/investors/agm](http://www.eimskip.is/investors/agm)

### 2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2017 verði samþykktur.

### 3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2017

Félagsstjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2017 sem nemur 6,80 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 1.269,1 milljónum króna sem samsvari um 61% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur<sup>1</sup> því 23. mars 2018 og arðsréttardagur<sup>2</sup> 26. mars 2018. Lagt er til að útborgunardagur<sup>3</sup> verði þann 18. apríl 2018.

### 4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna félagsins verði samþykkt.

### 5. Kosning stjórnar félagsins

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

### 6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2018 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 620.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 470.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 310.000 á mánuði
Varamenn	kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 310.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 125.000 á mánuði
Nefndarmenn í starfskjaranefnd	kr. 125.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna í endurskoðunar- og starfskjaranefnd eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

### 7. Kosning endurskoðenda

Lagt er til að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, verði endurkjörnir endurskoðendur félagsins fyrir árið 2018.

<sup>1</sup> **Arðleysisdagur** er sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda, þ.e. næsti viðskiptadagur eftir aðalfund.

<sup>2</sup> **Arðsréttardagur** er sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði, þ.e. annar viðskiptadagur eftir aðalfund. Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð.

<sup>3</sup> **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.